

A 1834/holdbart

Flytjandi	Norræna sjálfbærninefndin
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærninefndin

Nefndartillaga um sameiginlegar aðgerðir til að draga úr matarsóun á Norðurlöndum**Tillaga**

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að halda samráðsfund um matarsóun með sérfræðingum, fulltrúum Norðurlandanna í ESB-verkefninu „Food loss and waste platform“ og fulltrúum úrgangshóps umhverfis- og loftslagsmálageirans, öðrum hlutaðeigandi aðilum, áhugafólki og almenningi;

að hrinda af stað herferð um matarsóun sem byggir á samráðsfundinum og norrænni reynslu;

að taka saman áfangaskýrslu árið 2024 sem sýni framvindu Norðurlandanna við að ná markmiðum sínum og norræna markmiðinu sem endurspeglar heimsmarkmið 12.3 um að sóun matvæla á smásölumarkaði og hjá neytendum hafi minnkað um helming á hvern íbúa og að nýting í matvælaframleiðslu og hjá birgðakeðjum verði bætt fyrir árið 2030, og koma með tillögur að aðgerðum sem styðja Norðurlöndin við að ná heimsmarkmiðunum fyrir árið 2030.

Bakgrunnur

Matarsóun Norðurlandanna reiknast vera um það bil 3,5 milljónir tonna af matvælum á ári og þar er hlutur heimilanna langstærstur. Á heildina séð var matarsóunin í ESB talin nema 88 milljónum tonna á ári og þar var hlutur heimilanna 54%. Á heimsvísu stendur matarsóun fyrir um það bil 8% af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda, þar sem þriðjungur hvernar framleiddrar hitaeykingar fer í súginn. Matarsóun á auk þess ríkan þátt í eyðingu skóglendis og vatnsbóla í heiminum (WWF, 2019).¹

Sameiginlegar norrænar aðgerðir

Á Norðurlöndunum hefur í mörg ár verið lögð áhersla á að draga úr matarsóun á heimilum og í veitingarekstri. Árið 2017 samþykkti Norðurlandaráð að beina tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar (tilm 18/2016) þess efnis að samdar yrðu leiðbeiningar og hrint af stað nýjum aðgerðum innan ramma framkvæmdaáætlunar

¹ <https://www.worldwildlife.org/initiatives/food-waste>



ráðherranefndarinnar í umhverfismálum í þeim tilgangi að draga úr matarsóun. Jafnframt að Norrænum orkurannsóknum, hugsanlega í samstarfi við Norrænu nýsköpunarmiðstöðina, yrði falið að hrinda af stað verkefni um að vinna orku úr rekstrarúrgangi. Í kjölfarið hefur verið hrint í framkvæmd nokkrum verkefnum varðandi matarsóun, þar á meðal verkefni um skilgreiningu og aðferðir við gagnasöfnun, geymslupólsmerkingar og úthlutun matvæla, matvælabanka.

Samstarfsáætlunin fyrir tímabilið 2017–2020 felur í sér skuldbindingu um að halda áfram aðgerðum gegn matarsóun. Á grundvelli þessa hefur fjöldi verkefna verið hrint í framkvæmd, þar má nefna; Útrýmum matarsóun-aðgerðir, hugmyndalista fyrir kennslu í náttúrugreinum, skýrslu um forvarnir gegn matarsóun í veitingahúsum, hótelum, mótuneytum og veitingaþjónustu, ásamt vegvísi með ábendingum, verkefnum um líforku, þar á meðal matarsóun o.s.frv.

Norræna ráðherranefndin hefur staðfest við Norðurlandaráð að enn sé mikið verk óunnið til að ná markmiðinu um að helminga matarsóun, en leggur um leið áherslu á að mörg verkefni séu í gangi á Norðurlöndunum til að draga úr matarsóun, þar á meðal markmið landanna og framkvæmdaáætlanir – (samanber svar við fyrirspurn E 15/2019).

Aðgerðir í löndunum

Eins og áður er getið eru mörg verkefni í gangi á Norðurlöndunum.

Þó svo að Danmörk hafi sett sér mælanlegt markmið um að draga úr matarsóun þá hefur Danmörk markmið um að draga úr matarsóun í allri verðmætakeðjunni fyrir matvæli og hefur hugveitu sem m.a. er ætlað að þróa og hrinda í framkvæmd lausnum, sem eiga að tryggja að Danmörk og önnur lönd heims nái heimsmarkmiði 12.3 og sem stendur fyrir valfrjálsum samningum við fyrirtæki um að draga úr matarsóun þeirra. Danska umhverfisstofnunin, Miljøstyrelsen, hefur útbúið forgangslista um fyrirhugaðar aðgerðir og við sérstakar aðstæður er úthlutað umframmatvælum. Neytendahreyfingin „Stöðvum matarsóun“ vinnur með matarsóun með upplýsingum til neytenda, pólitísku samráði og stuðlar að samstarfi hins opinbera og atvinnulífsins.

Í Finnlandi er vinna í gangi við að uppfæra upplýsingar um umfang matarsóunar og áform eru uppi um að helminga matarsóun. Saa Syöda (Leyfi til að borða) er stærsta finnska neytendahreyfingin gegn matarsóun og beinir sjónum að matarsóun með upplýsingum til neytenda, pólitísku samráði og á samstarf við fjölda verslunarkeðja. Saa Syöda hefur hrint verkefni af stökkunum, þar sem möguleikinn á að draga úr matarsóun með því að nágrannar deili afgangsmat sín á milli er rannsakadur.

Árið 2019 var gerð ítarleg rannsókn á matarsóun á Íslandi og var starfshópur settur á laggirnar í því skyni að semja tillögur að aðgerðum til að koma í veg fyrir matarsóun og verður framkvæmdaáætlun samin á árinu 2020.

Í Noregi eru forvarnir gegn matarsóun forgangsmál norskra stjórnvalda, sem í samræmi við heimsmarkmið 12.3 vilja minnka matarsóun um helming til ársins 2030.



Sett hefur verið undirmarkmið um 15% minnkun fyrir árið 2020 og 30% minnkun fyrir árið 2025. Þá er verið að vinna að lagafrumvarpi sem felur í sér kröfu um að gefa allan ætan afgangsmat til félagslegrar aðstoðar og draga úr matarsóun. Matvett eru samtök norska fyrirtækja í matvæla- og veitingarekstri til forvarna og til að draga úr matarsóun. Til viðbótar má nefna ForMat-verkefnið sem er ætlað að veita norsku ríkisstjórninni beinar tillögur áður en til löggjafar kemur á þessu sviði.

Í Svíþjóð hefur ríkisstjórnin hafið vinnu að tillögum að undirmarkmiðum um minnkun matarsóunar og á árinu 2018 var samþykkt framkvæmdaáætlun með tillögu að 42 aðgerðum. Fjórar forsendur eru greindar sem forsendur fyrir árangursríku starfi:

- Landsbundin markmið og þróun aðferða til eftirfylgni
- Virkt samstarf milli atvinnugreina í matvælageira
- Breytingar á neytendahegðun
- Úttektir, rannsóknir og nýsköpun

Árangur aðgerða

Töluleg gögn sýna jákvæða þróun við að draga úr matarsóun á Norðurlöndunum:

- Danmörk: Matarsóun frá heimilum hefur dregist saman um 8% á árunum 2011 til 2017. Engar tölur eru til um þróunina í matvöruverslunum og matvælaiðnaði.
- Noregur: Matarsóun frá heimilum hefur dregist saman um u.þ.b. 9% á árunum 2010–2015. Í matvöruverslunum og matvælaiðnaði dróst matarsóun saman um 14% á árunum 2015–2017.
- Svíþjóð: Matarsóun heimila minnkaði um 3% á hvern einstakling á árunum 2014–2016. Í matvöruverslunum og matvælaiðnaði er áætlað að matarsóun hafi minnkað úr 216.000 tonnum árið 2012 í 75.000 tonn árið 2016.
- Finnland: Matarsóun í veitingageiranum minnkaði úr 20% í 17% á árunum 2012–2017. Verið er að skoða ný gögn og semja vegvísi um að draga enn frekar úr matarsóun.
- Ísland: Engar tölur liggja fyrir.

Þrátt fyrir þessi mörgu verkefni og aðgerðir er enn margt óunnið til að ná heimsmarkmiði 12.3 um að helminga matarsóun fyrir árið 2030. Norræna sjálfbærnefndin leggur því til að aðgerðir verði hertar með miðlun reynslu, herferðum og eftirliti með þróuninni fram til ársins 2030.

Norðurlöndum, 31. mars 2020

Anders Kronborg (S)
Anna-Kaisa Ikonen (saml)
Cecilie Tenfjord-Toftby (M)
Emilia Töyrä (S)
Ketil Kjenseth (V)
Kjell-Arne Ottosson (KD)
Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)

Magnus Ek (C)
Mette Hjermind Dencker (DF)
Rebecka Le Moine (MP)
Staffan Eklöf (SD)
Thomas Jensen (S)
Vilhjálmur Árnason (Sj.)
Åslaug Sem-Jacobsen (Sp)

